

# GJALDSKRÁ

## Vatnsveitu Dalvíkur.

Gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Dalvíkur er byggð á lögum nr. 32/2004, um vatnsveitur sveitarfélaga, ásamt síðari breytingum og reglugerð um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005.

### 1. gr.

#### *Vatnsgjald.*

Af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Dalvíkurbyggðar, sem liggja við vegi eða opin svæði þar sem vatnsæðar liggja, ber að greiða vatnsgjald árlega til Vatnsveitu Dalvíkur og skal það vera eftirfarandi:

- Vatnsgjald íbúðarhúsnæðis verði fast gjald 8.000 kr. pr. íbúð og 190 kr. pr. fermetra húss.
- Vatnsgjald af öðru húsnæði en íbúðum verði fast gjald 16.000 kr. pr. eign og 190 kr. pr. fermetra húss.
- Árleg vatnsgjöld fyrir sveitabýli, eitt íbúðarhús og útihús á sömu kennitölu skulu vera eitt fastagjald og fullt fermetragjald af íbúðarhúsinu og 1/2 fermetragjald af öðrum húsum.
- Álagning skv. a-, b- og c-málsl. skal þó aldrei vera hærri en 0,4% eða lægra en 0,2% af fasteignamati allra húsa og lóða.

### 2. gr.

#### *Gjalddagar.*

Gjalddagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og gjalddagar fasteignaskatta og greiðist vatnsgjaldið með fasteignasköttum.

### 3. gr.

#### *Aukavatnsgjald.*

Auk vatnsgjalds, skulu fyrirtæki og aðrir, er nota vatn til annars en heimilisþarfa, greiða auka-vatnsgjald sem hér segir:

Aukavatnsgjald	kr./m <sup>3</sup>
fyrstu 100.000 m <sup>3</sup>	26,44
100.000 - 250.000 m <sup>3</sup>	24,00
eftir 250.000 m <sup>3</sup>	21,89

Aukavatnsgjald skal innheimta samkvæmt mæli sem Vatnsveita Dalvíkur leggur til.

### 4. gr.

#### *Mælaleiga.*

Greiðendur aukavatnsgjalds skulu á tveggja mánaða fresti greiða mælagjald vegna leigu á vatns-mælum sem hér segir:

Stærð mælis	Mælagjald í kr. á dag
að 32 mm	12,18
40 mm	12,18
50 mm	14,19
80 mm	34,12
100 mm	61,61

5. gr.  
*Heimæðargjald.*

Þvermál inntaks	Inntaksgjald kr.	Yfirlengd kr./m
25 mm	189.467	8.421
32 mm	273.674	8.421
40 mm	347.356	8.421
50 mm	463.141	8.421
63 mm	652.607	8.421
75 mm	926.282	8.421
90 mm	1.368.370	8.421

Yfirlengd reiknast af heimtaug sem er lengri en 50 metrar í lóð viðkomandi mannvirkis. Heimæðar 110 mm og víðari greiðast samkvæmt reikningi. Heimæðargjald er miðað við vísitölu byggingarkostnaðar 1. september 2013, 118,6 stig og breytist til samræmis við breytingar á þeirri vísitölu.

6. gr.  
*Ábyrgð á greiðslu gjalda.*

Eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu vatnsgjalds og heimæðargjalds, en notandi, ef hann er annar en eigandi, ber ábyrgð á greiðslu aukavatnsgjalda og leigugjalda. Vatnsgjald og heimæðargjald nýtur aðfararheimildar skv. 9. gr. laga nr. 32/2004. Vatnsgjald og heimæðargjald, ásamt vöxtum og áföllnum kostnaði, nýtur lögveðsréttar í fasteign eiganda næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði. Aukavatnsgjald og leigugjald, ásamt áföllnum kostnaði og vöxtum, má taka fjárnámi.

7. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar er sett með stoð í 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga og 11. gr. reglugerðar nr. 401/2005 um vatnsveitur sveitarfélaga. Jafnframt fellur gjaldskrá um vatnsveitu í Dalvíkurbyggð nr. 1081/2012 úr gildi.

Gjaldskráin gildir frá og með 1. janúar 2014.

*Dalvíkurbyggð, 4. desember 2013.*

**Svanfríður Inga Jónasdóttir** bæjarstjóri.